

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskráum rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráum eftirtalinnna rafveitna frá og með 1. ágúst 1987:

Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 104, 3. mars 1987:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 7,13%

Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, nr. 62, 6. febrúar 1987:

Allir liðir gjaldskrárinnar, nema liðir 4.1 og 4.2, hækki um 10,0 %

Gjaldskrá Rafveitu Stokkseyrar, nr. 63, 6. febrúar 1987:

Allir liðir gjaldskrárinnar, nema liðir 4.1 og 4.2, hækki um 10,0 %

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 13, 13. janúar 1987:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 8,1 %

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 14, 13. janúar 1987:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 7,8 %

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1987.

F. h. r.

Árni Þ. Arnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum út af Austfjörðum.

1. gr.

Pann 26. júlí 1987 kl. 12:00 á hádegi er felld úr gildi reglugerð nr. 334 15. júlí 1987 um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1987.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Kjartan Júlíusson.